

## **Fundur hjá stjórn nemendafélagsins 1. mars 2023**

Mætt: Emilía Ragnheiður Barðdal Róbertsdóttir og Jakob Ásgeirsson úr 7. bekk, Lára Sigurðardóttir úr 8. bekk, Birkir Ívar Heiðarsson og Heiðís Pála Áskelsdóttir úr 9. bekk, Markús Máni Gröndal og Óðinn Logi Stefánsson úr 10. bekk.

Á dagskrá fundarins voru viðburðir innan skólans á vormánuðum og önnur mál.

**Árskóladagurinn** verður væntanlega haldinn hátíðlegur seinnipart fimmtudagsins 11. maí nk. Þar sem Árskóli verður 25 ára á þessu ári er líklegt að dagurinn beri keim af því. Rætt um möguleg félagasamtök og stofnanir sem hægt væri að styrkja. Stjórn nemendafélagsins hefur áhuga á að fá að hafa áhrif á slíkt, ef af verður.

### **Leikrit og árshátíðarsýningar í mars:**

- Frumsýning á Aladdin hjá 10. bekk verður miðvikudaginn 15. mars. Lokadagur í sýningum verður sunnudagurinn 19. mars. Fyrirhugaðar eru 9 sýningar auk generalprufu sem verður kl. 10:00 miðvikudaginn 15. mars.
- Árshátíðarsýningar yngsta stigs og miðstigs taka við í framhaldinu. Engin sýning verður hjá 8.-9. bekk á þessu skólaári.

### **Önnur félags- og fjáröflunarstörf:**

- Skólablaðið Glóðafeykir verður gefið út í mars. Blaðið hefur ekki verið gefið út tvö sl. ár.
- Páska- eða vorbingó er á dagskrá. Hugmynd var sett fram um að hafa það 18. apríl.

Önnur mál:

- Íþróttadagur Árskóla er fyrirhugaður 12. maí.
- Rætt stuttlega um Erasmus nemendaferðir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,  
Kristbjörg Kemp